

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

729. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 28. nóvember 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Erindi Fjarska ehf.
2. Bréf Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.
3. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
4. Fundargerð stjórnar SSNV frá 11. nóvember s.l.
5. Starfsmannamál á samþýli.
6. Sorphirða í Húnaþingi vestra.

Afgreiðslur:

1. Lagt fram bréf Fjarska ehf. dags. 16. nóvember s.l. þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi frá sveitarstjórn Húnaþings vestra vegna lagningar ljósleiðara frá Blöndustöð að lokuhúsi við Kolkustíflu og að tengivirki Landsnets við Hrutatungu. Erindinu vísað til umsagnar skipulags- og umhverfisráðs.
2. Lagt fram bréf Heilbrigðisstofnunar Vesturlands dags. 22. nóvember s.l. varðandi dagvistun aldraðra á Hvammstanga. Núverandi samningur gerir ráð fyrir þremur dagvistunarrýmum, en þyrftu að vera 5-6. Sveitarstjóra ásamt fulltrúa HVE falið að ítreka ósk til Velferðarráðuneytisins um allt að þrjú dagvistarrými til viðbótar.
3. Lagt fram til kynningar bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags. 21. nóvember s.l. um áætlað nýbúaframlag 2012.
4. Lögð fram fundargerð SSNV. frá 11. nóvember s.l. Sveitarstjóri kynnti.
5. Starfsmannamál á samþýli. Sveitarstjóri kynnti ráðningu í 100% starf við samþýlið. Fjórar umsóknir bárust, Guðrún Guðmundsdóttir hefur verið ráðin í starfið.
6. Sorphirða í Húnaþingi vestra. Farið yfir stöðu sorphirðumála í Húnaþingi vestra. Samþykkt að taka á dagskrá:
7. Slökkvilið-Brunavarnir. Sveitarstjóra og slökkviliðsstjóra falið að ganga til samninga við Brunavarnir A-Hún um útkallsþjónustu.
8. Framlögð fréttatilkynning frá Forsætisráðuneytinu þar sem fjallað er um sóknaráætlanir landshluta. Alls bárust 57 verkefni frá landshlutasamtökunum átta. Þegar þau höfðu verið vegin og metin út frá þeim forsendum sem lagt var upp með uppfylltu 11 þeirra skilyrðin. Dreifnám í Húnaþingi vestra haustið 2012 er eitt þessara verkefna. Byggðarráð fagnar því að geta hafið undirbúning dreifnáms í samvinnu við Fjölbautarskóla Norðurlands vestra.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:05

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán Einar Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi:

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari

Elín Jóna Rósinberg.